

Orðaforðanám barna
Barnabók

Hrund Hermannsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lokaverkefni til B.ed.-prófs í grunnskólakennarafræði
Leiðsögukennari: Sigurður Konráðsson

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2012

Ágrip

Lokaverkefni þetta skiptist í tvo hluta, greinagerð og barnabók. Fyrri hlutinn fjallar um orðaforða, mikilvægi hans, kennsluáferðir, hugtök og tilgang barnabókarinnar. Seinni hlutinn er síðan barnabókin sjálf. Hún byggist á að taka fyrir nokkur vel valin hugtök, en gert er grein fyrir þeim í greinagerðinni.

Í greinagerðinni leitaðist ég eftir því að svara rannsóknarspurningu minni: Hvað er orðaforði og hvernig er hægt að auka hann? Ályktun mín er sú að orðaforði er eitt af undirstöðuatriðum í lestrarkennslu og því mikilvægt að lögð sé rík áhersla á að auka hann hjá börnum á leikskóla og grunnskólaaldri. Hægt er að auka orðaforðann með markvissri kennslu bæði í skólum og á heimilum.

Formáli

Þetta verkefni er skrifað sem lokaverkefni til B. Ed. prófs við kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands haustið 2011. Vægi verkefnisins er tíu einingar. Hluti af verkefninu er greinagerð þar sem gert er grein fyrir hvað orðaforði er og hvernig hægt er að auka hann. Hinn hlutinn er síðan barnabók sem skrifuð er til þess að auka skilning barna á tilteknum hugtökum.

Leiðbeinandi minn er Sigurður Konráðsson, prófessor á Menntavísindasviði við Háskóla Íslands. Honum vil ég þakka fyrir góða leiðsögn og ábendingar í tengslum við lokaverkefnið. Sérstakar þakkir fá Sigurveig Hermannsdóttir, Hildur Hermannsdóttir, Ragnheiður Þorgrímsdóttir og Hermann Unnsteinn Emilsson fyrir alla þá hjálp sem þau veittu mér við gerð þessa verkefnis. Ég vil einnig þakka fjölskyldu minni og vinum fyrir dyggan stuðning í gegnum námið og meðan á verkefnavinnu stóð.

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	5
2. ORÐAFORÐI	6
2.1 Læsi og lestur	7
2.2 Skipting orðaforðans	8
2.3 Mikilvægi orðaforða	8
3. KENNSLA ORÐAFORÐA	9
3.1 Kennsla orðaforða í skólum	12
3.2 Kennsla orðaforða á heimilum	13
4. BARNABÓK	14
4.1 Hugtök	14
4.2 Tilgangur bókar	15
5. LOKAORÐ	17
6. HEIMILDASKRÁ	18

1. Inngangur

Kveikjan að verkefninu átti sér stað í áfanga á öðru ári mínu í grunnskólakennarafræðum. Í þeim áfanga var rætt um orðforða og mikilvægi þess af hafa ríkan orðaforða í daglegu lífi. Í framhaldi af þessum áfanga spruttu fram margar vangaveltur um það hvernig verkefnið ætti að vera sett upp og ákvað ég að lokum að semja barnabók þar sem áhersla væri lögð á að auka orðaforða barna. Með barnabókinni fylgir svo greinagerð sem greinir frá mikilvægi orðaforða, hvernig hægt er að auka orðaforða barna með markvissri kennslu bæði inni á heimilum og í kennslu.

Þegar ég var búin að ákveða að semja barnabók sem ýtir undir orðaforðanám barna var næsta skref að ákveða hvaða orð ætti að taka fyrir í bókinni. Eftir að hafa rifjað upp það sem ég lærði á meðan á vettvangsnámi mínu stóð þá var eitt atvik sem stóð upp úr. Þar var verið að kenna börnum hugtök eins og undir, ofan á, við hliðina á, fyrir framan, fyrir aftan og svo má lengi telja. Kennslan fór þannig fram að í miðjum nemandahringnum var bangsi. Þegar kennarinn rétti nemanda hlut fékk sá sami fyrirmæli eins og; Settu hlutinn fyrir framan bangsann, settu hlutinn undir bangsann eða settu hlutinn fyrir aftan bangsann. Tilgangurinn með æfingunni var sá að þjálfar börnin í notkun þessara tilteknu hugtaka og kanna skilning þeirra á þeim.

Geinagerð fylgir barnabókinni til að skýra mikilvægi orðaforða. Með henni verður reynt að svara rannsóknarspurningunni sem hljóðar á eftirfarandi hátt:

Hvað er orðaforði og hvernig er hægt að auka hann?

Annar kafli fjallar um orðaforða og er stuttlega gert grein fyrir því hvernig hann tengist læsi og lestri.

Í þriðja kafla er fjallað um kennslu orðaforða og komið með hugmyndir af kennsluaðferðum til að auka orðaforða sem bæði kennarar og foreldrar geta nýtt sér.

Fjórði kafli fjallar síðan um barnabókina sjálfa. Þar er komið inn á hugtökin úr bókinni og til hverra hún höfðar.

2. Orðaforði

Til eru margar skilgreiningar á því hvað orðaforði er. Oftast er talað um að orðaforði sé safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu (Sigurður Konráðsson, 2000:153), sem hann skilur og getur notað við að hlusta, tala, lesa og skrifa (Helga Sigurðardóttir, 2007). Einnig er hægt að segja að orðaforði standi fyrir breidd og dýpt allra orða sem einstaklingurinn kann (Vacca, J., Vacca, R., Gove, Burkey, Lenhart og McKeon, 2006:256). Til þess að hægt sé að segja að orð sé í orðaforða einstaklings þarf merking þess að tengjast orðinu (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000:81). Meðan orðaforði er safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu er til annað hugtak sem gæti hljómað eins en það er orðasafn. Orðasafn merkir öll þau orð sem finna má í íslensku, gömul sem og ný (Sigurður Konráðsson, 2000:153).

Orðin sem safnast í orðforða einstaklings geta verið mjög mismunandi eftir því hvar hann elst upp og hver atvinna hans er. Orðaforði konu er til dæmis að nokkru leyti annar en orðaforði karlmanns og hluti af orðaforða sjómanns er annar en orðaforði læknis (Sigurður Konráðsson, 2000:153). Þessi mismunur orðaforðans er fyrst og fremst fólgin í mismunandi atvinnu, áhugamálum og fleiru því tengdu.

Orðaforði barna við 12 mánaða aldur er um það bil eitt orð. Orðaforðinn eykst síðan stöðugt og þegar börnin eru orðin 16 mánaða er orðforðinn orðinn nálægt 50 orðum. Við tveggja ára aldur eru börn komin með um það bil 300 orða orðaforða og við þriggja ára aldur er orðaforðinn í kringum 575 orð. Þegar börn eru síðan komin í fyrsta bekk eða á aldrinum fimm til sex ára er talað um að orðaforðinn sé í kringum 10.000 orð. Þetta sýnir að börn læra orð hratt eftir þriggja ára aldur eða í kringum 4 orð á dag. Orðafjöldinn sem lærist á hverjum degi eykst síðan stöðugt til 12 ára aldurs, en 6 – 8 ára börn læra um það bil 7 orð á dag, meðan börn á aldrinum 8 – 12 ára læra nálægt 12 orðum á dag. Í kringum 12 ára aldur fer að dragast úr þeim fjölda orða sem einstaklingurinn lærir á hverjum degi en fjöldinn nær samt um 8 orðum á dag (Byrnes og Wasik, 2009:107-108). Mikilvægt er þó að taka fram að ekki læra allir jafn mörg orð. Sumir geta því verið með rýran orðaforða meðan aðrir eru með mjög auðugan orðaforða. Þetta þýðir þó ekki að orðaforði beggja hópa sé ekki innan eðlilegra marka.

Orðaforði skiptist í tvo hópa, virkan orðaforða og óvirkan orðaforða. Virkur orðaforði er sá forði orða sem við notum í daglegum samskiptum okkar (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000:75), orð sem við notum næstum því umhugsunarlaust þegar við erum að tala við aðra (Sigurður Konráðsson, 2000:153). Óvirkur orðaforði er sá forði orða sem við notum sjaldan

eða aldrei en varðveitum. Við þekkjum þessi orð ef við rekumst á þau en notum þau ekki almennt í okkar daglega tali (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000:75). Líklegra er að við notum þessi orð þegar við erum að rita (Sigurður Konráðsson, 2000:154) því þar gefst okkur tækifæri á því að hugsa meira út í orðin sem við ætlum að nota og leitum betur að orðum sem henta. Þessi forði orða er mjög dýrmætur en hann þarf að virkja jafnframt því sem ný orð eru lærð (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000: 75).

Umræður hafa verið í samfélaginu um að orðaforði barna og unglinga sé minni en var hér áður fyrr. Þetta getur verið rétt, þar sem að foreldrar og börn ræða minna saman núna en áður fyrr og minna er um lestur. Skýringin getur líka verið sú að börn nú til dags séu ekki með minni orðaforða heldur eru þau með annan orðaforða en börn fyrir nokkrum árum síðan (Sigurður Konráðsson, 2000:151).

2.1 Læsi og lestur

Þegar talað er um að einstaklingur sé læs felur það í sér að hann geti lesið og skilið það sem lesið er. Í megindráttum byggir læsi á lestækni, lesskilningi, ritun og stafsetningu. Lestækni byggir á því að einstaklingurinn þekki bókstafina og hljóð þeirra af öryggi. Þannig verður hann fær um að lesa hratt og fyrirhafnarlaust. Lesskilningur er undirstaða almennar menntunar (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007) og er hæfni einstaklingsins til þess að lesa ólíka texta, skilja þá (Freyja Birgisdóttir og Steinunn Torfadóttir, 2007) og nýta þá til þess að afla sér upplýsinga og þekkingar. Lesskilningur byggist á orðaforða og málskilningi einstaklingsins. Ritun og stafsetning byggist á öllum þáttum tungumálsins og undir hana flokkast meðal annars færnin við að sundurgreina hljóð orðanna til þess að kortleggja þau rétt (Freyja Birgisdóttir og Steinunn Torfadóttir, 2007). Að verða læs er ferli sem lærist ekki á einum skóladegi í formlegu námi, heldur er það ævilangt ferli sem lærist einnig í gegnum samskipti við fjölskyldu, jafningja, starfsfélaga og þátttöku í ýmsum samfélagslegum athöfnum (Organisation for Economic Co-operation and Development, 2006: 20).

Lestur felur í sér tvönskonar aðgerðir en þær eru, að umskrá stafi í orð (umskráning) og skilja merkingu textans (lesskilningur) (Hoover og Gaugh, 1990). Til þess að einstaklingur teljist læs, þarf hann að ná tökum á báðum þessum þáttum. Lestur felur í sér að bókstafstáknin á blaðinu myndi orð og að orðin hafi merkingu. Ef orðin eiga að hafa einhverja merkingu fyrir lesandann verður hann að hafa þau í orðaforða sínum (Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir, 2000). Lestur er besta tækið til að auka þekkingu (Guðmundur B.

Kristmundsson, 1987) og afla sér upplýsinga ásamt því að hægt er að lesa sér til ánægju og yndisauka (Hoover og Gaugh, 1990).

2.2 Skipting orðaforðans

Orðaforði sem við höfum þegar við tölum er ekki sá sami og orðaforðinn sem við notum þegar við skrifum. Orðaforðanum er hægt að skipta í fjóra flokka. Þessir flokkar eru: orðaforði talmáls, orðaforði hlustunar, orðaforði lestrar og orðaforði ritunar.

- Orðaforði talmáls er sá orðaforði sem barn notar þegar það talar. Uppeldi barnsins á heimilinu ræður miklu hér, einnig hvort mikið hafi verið talað við barnið og lesið fyrir það. Hér skiptir líka máli hvort barnið hafi fengið að tjá sig um reynslu sína og þekkingu (Guðmundur B. Kristmundsson. 2000:74).
- Orðaforði hlustunar er sá orðaforði sem barnið þekkir og getur nýtt sér til að skilja það sem er sagt við það (Guðmundur B. Kristmundsson. 2000:74-75).
- Lestrarorðaforði er sá þáttur orðaforðans sem styrkist þegar lesið er fyrir börnin, lesið með þeim og þau hvött til að lesa sjálf. Þetta er sá hluti orðaforðans sem nýttur er til að skilja textann sem lesinn er. Það sem skiptir mestu er að lesa mikið til að efla orðaforðann (Guðmundur B. Kristmundsson. 2000:75).
- Orðaforði ritunar er sá hluti orðaforðans sem barn getur nýtt þegar það skrifar. Þennan orðaforða er hægt að auka með lestri og með því að skrifa oft og reglulega frá því að barnið getur dregið til stafs (Guðmundur B. Kristmundsson. 2000:75).

Samfélagið sem við búum í krefst þess af okkur að við getum tjáð okkur, skilið aðra og aflað upplýsinga í gegnum ritmál. Til þess að geta það þarf einstaklingurinn að hafa góðan orðaforða.

2.3 Mikilvægi orðaforða

Ríkur orðaforði og góður málskilningur nýtist nemendum í leik og starfi ásamt því að það styrkir sjálfstraust þeirra (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007).

Hægt er að sjá Mattheusaráhrifin, þar sem sá ríki verður ríkari og sá fátæki verður fátækari, hjá börnum með auðugan eða rýran orðaforða (Guðmundur B. Kristmundsson.

2000:68). Börn með rýran orðaforða eiga erfitt með að skilja margskonar texta eins og til dæmis fræðitexta, sem aukið gæti þekkingu þeirra. Þetta getur valdið því að þau geti ekki fengist við mál sem fjallað er um í samfélaginu á hverjum tíma (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000:68). Mikilvægt er að þessi börn fái aðstoð sem allra fyrst svo áhugi þeirra dvíni ekki. Ef efnið er of þungt fyrir barnið á það í of miklum erfiðleikum með að komast í gegnum hann og missir því auðveldlega áhugann (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000). Barn með auðugan orðaforða á auðvelt með að skilja innihald textanna og tjá sig, auk þess sem það les meira og þar af leiðandi eykur það sífellt orðaforða sinn.

Ef foreldrar og/eða kennarar verða varir við að barn sé í áhættuhóp varðandi lestrarnám er mikilvægt að gripið sé strax til viðeigandi ráðstafana. Þá skal styrkja þá þætti sem barnið er slakt í (Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir, 2000:40) en halda verður jafnframt áfram að vinna með þá þætti sem barnið er gott í. Efla skal áhuga barna á lestri og gefa tíma í að ræða við börnin um allt milli himins og jarðar og vekja athygli þeirra á áhugaverðum orðum.

3. Kennsla orðaforða

Þegar kennsla orðaforða á sér stað verður að hafa í huga að orðaforða er ekki hægt að læra með því að lesa orðalista og fletta upp í orðabók einu saman. Það hefur litla merkingu fyrir börn að læra 10 ný orð af lista ef þeim gefst ekki tækifæri á að nota orðin. Minnið brestur fljótt og erfitt getur reynst að rifja upp nokkurra vikna gamlan orðalista (Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir, 2000:80).

Orðaforðinn lærist best ef hans er afað með fjölbreytilegum hætti, til að mynda ef börn geta sett sig í spor einhverrar sögupersónu þegar bók er lesin. Reynsla og þekking barnsins skiptir máli fyrir skilning þess á textanum. Við það myndast samspil milli bókar og barns, því reynslan þjálfar, kennir og setur hlutina í samhengi svo auðveldara sé að muna þá (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000:82). Barn sem heyrir orðið hundur í fyrsta sinn og sér hvorki raunverulegan hund né mynd af honum gerir sér ekki grein fyrir því hvað orðið þýðir. Orðið stendur eitt og sér merkingarlaust fyrir barninu. Ef sagt væri við barnið; „Sjáðu, þarna er hundur“ og bent á hundinn, tengir það orðið við merkingu þess. Eftir að barnið hefur séð hundinn tengir það reynsluna við orðið og gerir sér því grein fyrir hvað orðið hundur merkir. Börn læra orðaforða þannig að þau fara að nota orð sem þau heyra notuð í kringum sig. Flest orðanna læra þau í venjulegum samræðum eða þegar lesið er fyrir þau. Með aldrinum breytist

Það síðan í að orðin eru lærð með því að einstaklingurinn lesi sjálfur texta (Sigurður Konráðsson, 2000:152).

Þegar kennarar eru að auka orðaforða nemenda styðjast þeir oft við þau sex viðfangsefni sem nauðsynlegt er að nemendur fáist við þegar þeir eru að læra orð.

1. *Læra að lesa þekkt orð.* Hér er átt við að börnin læra að lesa þau orð sem þau þekkja og eru fyrir hendi í talmálsorðforða þeirra.
2. *Læra nýja merkingu á þekktu orði.* Börnin þurfa að læra nýjar merkingar á orðum sem þau þekkja.
3. *Læra ný orð yfir þekkt hugtök.*
4. *Læra orð yfir hugtök sem verið er að læra.* Hér þurfa börn að læra orð og þá merkingu sem orðið stendur fyrir. Þessi þáttur er einna erfiðastur fyrir börnin.
5. *Skýra og dýpka merkingu þekktra orða.* Börnin þurfa að gera sér grein fyrir merkingu orðanna í mismunandi umhverfi og þeim blæbrigðum sem geta orðið á merkingu þeirra.
6. *Veita börnum færi á að tjá sig.* Mikilvægt er að gefa börnum tækifæri á að tjá sig með þeim orðum sem þau hafa eða eru að afla sér svo þau verði börnunum töm (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000:79-80)

Með því að nýta þessar sex reglur eykst skilningur barna á orðunum sem þau sjá eða heyra. Kennarar og foreldrar geta tekið hugtökin sem eru í barnabókinni og notað þau við aðrar aðstæður. Þeir geta til dæmis sett þau í raunverulegt samhengi. Einnig geta þeir spurt börnin spurninga úr barnabókinni (sem gert er grein fyrir í kafla 4) þar sem börnin þurfa að nýta hugtökin sem notuð eru í barnabókinni. Þannig koma orðin fyrir í öðru umhverfi og verða börnunum töm.

Orðaforði eykst ekki á því einu saman að læra orðalista og fletta orðum upp í orðabók, heldur einnig á því að afla orða með fjölbreytilegum hætti og nota þau reglulega. Vacca, Vacca, Gove og félagar hafa einnig sett fram reglur varðandi orðaforða. Þau settu fram sex reglur sem hægt er að hafa sem leiðarljós við kennslu orðaforða. Þær eru:

1. *Velja og kynna orð sem munu koma fyrir sjónir barnanna þegar þau lesa texta sem framundan er.*

Hvatt er til þess að undirbúa lesturinn og gæta þess að velja fá orð sem skipta þó miklu máli fyrir textann. Þessi orð geta tilheyrt lykilordum, nytsamlegum orðum,

á hugaverðum orðum eða mikilvægum orðum fyrir orðaforðann (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000:86).

2. *Kenna orð í tengslum við önnur orð.*

Það dýpkar skilning og vekur áhuga ef orð eru kennd í tengslum við önnur orð. Þetta á bæði við um orð sem hefur tvenns konar merkingu og tvö eða fleiri orð sem hafa sömu merkinguna (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000:86).

3. *Kenna börnum að tengja orð við þá þekkingu og reynslu sem þau hafa aflað sér.*

Hér er gengið út frá því að hver einstaklingur flokki orð, hugtök og þekkingu sem tengjast einhverju ákveðnu sviði í svokölluð skemu. Til þess að unnt sé að átta sig á hvaða áhrif ný þekking kann að hafa á skemað eða hvar eigi að ætla henni sess, er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvað þegar er vitað (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000:87).

4. *Kennið orð áður en lesið er með það að markmiði að virkja þekkingu barnanna og nýta þessi orð eftir að lestur hefur farið fram.*

Þetta virkjar þekkingu sem lesandinn hefur þegar á efni textans og það hjálpar honum að skilja hann. Foreldrar og kennarar geta beðið börnin um að greina frá því sem fram kom í textanum og biðja þau um að giska á hvað sé að fara að gerast næst í textanum. Þetta eflir skilning og orðaforða ásamt því að það býr barnið undir að takast á við það sem á eftir að koma fram í textanum (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000:87).

5. *Kenna orð kerfisbundið og fást við dýpri merkingu þeirra.*

Þegar unnið er með þessa aðferð þarf að gefa kennslunni tíma og skipuleggja hana til lengri tíma. Einnig skal velja aðferðir við hæfi. Gott er að gera sér grein fyrir því að auka orðaforða er ferli en ekki einstök aðskilin verkefni (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000:87-88).

6. *Vekja áhuga á orðum.*

Fátt er eins mikilvægt og að skapa áhuga á orðum. Það skiptir máli að vera vakandi fyrir orðum sem menn heyra eða sjá í fjölmiðlunum og sem vekja ánægju, eftirtekt og forvitni. Það sem gegnir lykilhlutverki hér er umræða um orðin og merkingu þeirra (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000:88).

Ef hugsað er út í það hvernig hægt er að nýta þessar reglur í sambandi við barnabókina koma margar hugmyndir fram. Í rauninni væri hægt að nota allar reglurnar ef undirbúningur er góður. Sem dæmi væri hægt að nota reglu eitt og hafa innlegg áður en bókin er lesin þar sem hugtökin eru kynnt fyrir börnunum. Einnig væri hægt að nýta reglu tvö og kenna börnunum

að nota orðin við mismunandi aðstæður og regla þrjú er ekki síðri en þar væri hægt að láta börnin nota hugtökin í ritunarverkefni. Þessar reglur geta bæði kennarar og foreldrar haft til hliðsjónar og nýtt sér þegar þeir eru að auka orðaforða barnanna.

Hafa verður í huga að orðaforði barna lærist ekki einungis í skólum heldur einnig inni á heimilum en námið fer þó mismunandi fram. Í skólum er yfirleitt markvisst unnið að kennslu orðaforða á meðan að á heimilum fer efling orðaforða yfirleitt fram með ómeðvituðum hætti.

Mikilvægt er að foreldrar og kennarar hafi í huga að gefa sér tíma til þess að ræða við börnin um allt milli himins og jarðar, efla áhuga þeirra á lestri og vekja athygli þeirra á áhugaverðum eða mikilvægum orðum.

3.1 Kennsla orðaforða í skólum

Kennarar geta stuðlað að auknum orðaforða nemenda með beinum eða óbeinum hætti. Kennarinn getur farið með nemendur í vettvangsferð í fjöruna og rætt við þá um það sem fyrir augu ber í fjörunni. Það eykur ekki orðaforða barna að fara í vettvangsferð ef ekki er talað um það sem þau sjá og snerta. Hann getur einnig gert tilraunir eða athuganir með nemendum en þetta eru allt beinar leiðir til að kenna orðaforða.

Óbeinar leiðir til að kenna orðaforða er að lesa, ræða saman, hlusta, horfa og jafnvel leika. Mikilvægt er að kenna ný orð áður en þau koma fyrir í bókunum og sjá til þess að nýju orðin komi oft fyrir (Byrnes og Wasik, 2009). Kennslan fer ekki aðeins fram í íslenskukennslu heldur fer hún fram í öllum kennslustundum, mismikið þó.

Margar kennsluaðferðir eru til við kennslu orðaforða. Til eru orðaleikir sem kennarar geta nýtt í kennslu. Sem dæmi má taka er leikurinn *Orðaveggurinn*. Orðaveggurinn krefst lítillar athygli og tíma frá kennaranum. Leikurinn snýst um að nemendurnir safni orðum sem þeir heyra, lesa eða sjá upp á orðavegginn. Nemendurnir verða samstilltir á að kynna og læra orðin með leik (Blachowicz og Fisher, 2006: 196-197).

Einnig má nefna leik sem heitir *Athugun á tegund orðs*. Í þessum leik þurfa nemendur að athuga og gera kannanir á nýjum orðum sem þeir rekast á. Verkefnin fela meðal annars í sér að nemendur eigi að blanda saman tveim eða fleiri orðum í eitt nýtt orð, gera orða- og stafarugl, en þar búa nemendur til nýjar setningar/orð út frá einungum setninga eða orða, skammstafanir, samlíkingar, andheiti og samheiti (Blachowicz og Fisher, 2006: 200). Undirbúningurinn sem kennarinn þarf að vinna til að koma nemendum af stað miðast við

þroska og reynslu nemendanna. Hver kennari þarf því að miða sinn undirbúning við nemendahópinn sinn.

Til eru öllu hefðbundnari kennsluáðferðir eins og *Samræðulestur*. Samræðulestur fer þannig fram að kennarinn les myndabækur fyrir börnin og myndar síðan umræður um efni bókanna. Áhersla er lögð á að virkja börnin í umræðum, fá þau til þess að spyrja spurninga og fá þau til þess að svara spurningum varðandi efni sögunnar. Einnig er reynt að fá þau til þess að hugsa út fyrir það sem fjallað er um í sögunni ásamt því að fá þau til þess að endursegja hana. Í samræðulestri er áhersla lögð á orðaforða ásamt málþroska, málskilning og tjáningu. (Byrnes og Wasik, 2009:358-359).

Einnig er aðferð sem kallast *Velgengni fyrir alla*. Þessa aðferð er hægt að nýta frá leikskóla og upp í þriðja bekk. Velgengni fyrir alla skiptist upp í nokkur þrep. Hjá yngstu börnunum er mest áhersla lögð á að vinna með hljóð og stafi. Börn sem eru aðeins eldri vinna með orðaforða, skilning, umskráningu og söguritun (Byrnes og Wasik, 2009:366-367).

3.2 Kennsla orðaforða á heimilum

Orðaforðanám hefst ekki um leið og börnin byrja í skóla, heldur hefst það inni á heimilunum og líklegt er að það hefjist strax á fyrstu viku eftir fæðingu. Því er mikilvægt að þeir sem búa undir sama þaki og börnin sinni máluppeldi þeirra vel, gefi þeim færi á að afla stöðugt nýrra orða og auka merkingu þeirra orða sem þegar eru í orðaforða þeirra (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000:67).

Orðaforðinn sem foreldrarnir nota verður partur af orðaforða barnsins og því mikilvægt að nýta það og nota fjölbreyttan orðaforða í samskiptum við barnið. Þess vegna er gott að þeir ræði reglulega við barnið. Gott er fyrir foreldra að lesa hluta af námsefninu sem börnin eru með í skólanum, þannig geta þau rætt saman við börnin um innihald lesefnisins og velt ýmsum atriðum fyrir sér. Með þessu eru foreldrar að hjálpa börnum sínum að auka orðaforðann en einnig að virkja þann forða orða sem börnin hafa nú þegar (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000:75).

Besta ráðið sem hægt er að gefa foreldrum sem vilja orðaforða barna sinna vel er að lesa reglulega fyrir börnin. Gott er að hafa efnið fjölbreytt en eitthvað sem börnin hafa áhuga á (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000:75). Byrja skal á þessu sem allra fyrst og halda áfram með það þó svo að börnin séu orðin læs. Um leið og börnin eru orðin læs geta foreldrarnir látið þau lesa fyrir sig. Þá skal hafa í huga að þegar börnin eru að byrja að lesa eiga þau að

lesa sömu blaðsíðuna a.m.k. tvisvar sinnum til þess að orðin haldist í sjónrænum orðaforða barnsins. Einnig er því haldið fram að gott þyki að foreldrar haldi áfram að lesa fyrir börnin milli þess sem barnið les sjálf.

4. Barnabók

Aldrei er góð vísa of oft kveðin en þetta orðatiltæki á vel við um hve mikilvægt það er að börn lesi mikið og lesi efnið nokkrum sinnum. Mikilvægt er að börnum sé gefið tækifæri á að auka orðaforðann í gegnum lestrarferlið (Vacca, J., Vacca, R., Gove, Burkey, Lenhart og McKeon, 2006). Orðaforði barna eykst með því að lesa og orðin haldast í orðaforðanum þegar orðin koma fyrir endrum og sinnum. Því er mjög gott að lesa fyrir börnin sömu bókina nokkrum sinnum til þess að orðin sem þar koma fram festist í orðaforða þeirra.

Hve mikilvægur góður orðaforði er í mínum augum er ástæðan fyrir því að ég valdi að skrifa barnabók sem lokaverkefni til B.ed. gráðu í grunnskóla kennarafræðum á Menntavísindasviði við Háskóla Íslands. Börn með góðan og ríkan orðaforða strax á unga aldri eiga auðveldara með að tjá sig og koma því á framfæri sem þau vilja koma fram á sem skilvirkastan hátt. Auk þess eiga börn með ríkan orðaforða auðveldara með að nýta sér og skilja námsefni á skólagöngu sinni.

Hugtökin sem ég nota í barnabókinni eru hugtök sem öll börn þurfa að læra til að geta miðlað vissum upplýsingum áfram, að skilja fyrirmæli og eiga samskipti við aðra. Við þurfum öll að hafa grunn orðaforða til þess að geta tjáð okkur og skilið hvort annað, hvort sem það er á munnlegan eða skriflegan hátt.

4.1 Hugtök

Eftir að hafa verið í kennslustund í leikskóla þar sem markvisst var verið að vinna með hugtök ákvað ég að nota nokkur af hugtökunum sem þar komu fram í barnabókina. Einnig bætti ég við nokkrum hugtökum sem mér fannst eiga við. Eftirtalin hugtök eru þau sem fram koma í bókinni:

- Undir – yfir
- Uppi - niðri
- Framan - aftan
- Stuttur – langur

- Lítill – stór
- Mjór – breiður

Þó svo að þessi hugtök megi virðast auðveld geta þau vafist fyrir mörgum börnum. Með því að lesa texta sem innihalda þessi orð og nota þau oft þegar verið er að tala við börnin, læra þau orðin hraðar og þau festast betur í orðaforða þeirra. Þau þjálfast í að nota orðin, skilja þau og hvenær þau geti notað orðin í réttu samhengi. Þessi orð auðvelda þeim að skilja ýmis fyrirmæli, leiðbeiningar og lýsingar, sem fyrir þau eru lögð.

Að þessu sinni ákvað ég að taka hugtök fyrir sem tengjast rúmi eða rýmisgreind. Seinna er möguleiki á því að vinna með önnur hugtök svo sem tíma en þar eru hugtök eins og áður, seinna, eftir, á undan o.s.frv.

4.2 Tilgangur bókar

Tilgangur bókarinnar er að auka orðaforða barna og gera hugtökin töm í orðaforða barna. Halldór Laxness var síður en svo hrifinn af því að troðið væri námi í skáldsögur eins og hér má sjá.

Einkanlega var mér uppsigað við bækur ef ég fann á lesmálinu að í staðinn fyrir að segja mér sögu átti að fara að kenna mér eitthvað fallett og gott. Til dæmis byrjar saga á því að segja frá ormi sem varð að manni, og reyndar er hrífandi hugmynd; en þegar komið var dálítið framí lesmálið kom uppúr dúrnunum að þetta var saga til að kenna manni að þekkja á klukku og endaði á margföldunartöflunni. Slíkt er svik og prettir í skáldsögu.

(Halldór Laxness, 1975:132)

Bókin mín er skáldsaga sem gerð var til þess að efla orðaforða barna. Samkvæmt Halldóri Laxness er bókin mín þá svik og prettir. Nú til dags er þó mikið um það að reynt sé að kenna börnum orð og námsefni í gegnum lestrarbækur. Eins og kom fram í kaflanum *Læsi og lestur* (2.1) þá er lestur besta tækið til þess að auka þekkingu.

Barnabókin er ætluð börnum á aldrinum fjögurra til átta ára. Foreldrar eiga að geta lesið þessa bók fyrir og með börnunum ásamt því að börnin eiga að geta lesið hana sjálf þegar þau hafa náð þeirri færni. Ég vona að með bókinni muni börnin geta náð góðum tókum á hugtökunum sem fram koma í bókinni. Foreldrar geta ýtt undir það enn betur með því að ræða

við börnin um það sem fram fer í bókinni og taka orðin fyrir. Þeir geta spurt börnin spurninga eins og: Hvað þýðir að ganga langt? Hvernig var pöndunni lýst? Einnig getur verið gott að setja börnin í aðstæður þar sem hugtökín eru notuð við raunverulegar aðstæður. Þau geta gert það með því t.d. að segja börnunum að ganga aðeins lengra eða stíga yfir þröskuldinn. Þannig öðlast börnin dýpri skilning á hugtökunum.

Bókin er 32 blaðsíður og hún er myndskreytt af Ragnheiði Þorgrímsdóttur. Þegar flett er í gegnum bókina má sjá að öðru megin er texti á meðan hinum megin er mynd. Þegar ég var að ákveða útlit bókarinnar var þetta eitt það fyrsta sem ég ákvað. Ég vildi koma í veg fyrir að textinn týndist í myndefni sögunnar.

5. Lokaorð

Það er ljóst að orðaforði er mjög mikilvægur fyrir einstaklinginn. Hann þurfum við til að tjá okkur og eiga samskipti við aðra. Því þurfum við að hafa góðan orðaforða til þess að skilja það sem er sagt við okkur, það sem við lesum og til þess að rita. Mikilvægt er að styrkja veiku þættina til þess að börnin dragist ekki aftur úr í orðaforðanámi því eins og fram kom í greinagerðinni þá er hætta á því að sá sem er með rýran orðaforða missi áhugann á því að lesa sökum þess textinn er of þungur og hann skilur ekki innihald hans. Það sama á við ef um of létt efni er að ræða, börnin verða að hafa nokkra ögrun til þess að áhuginn haldist. Foreldrar og kennarar verða að hafa í huga að lesefnið henti hverjum og einum svo þau fái sem mest út úr lestrinum.

Hægt er að kenna orðaforða markvisst og hafa margir komið með hugmyndir um kennslu orðaforða. Kennarar geta fylgt ýmsum kennsluáðferðum til þess að auka orðaforða barna og má meðal annars nefna óbeina kennslu þar sem kennarinn les bók fyrir börnin og hefðbundnar kennsluáðferðir eins og velgengni fyrir alla. Þar sem börn byrja að læra orð heima fyrir þá er ýmislegt sem foreldrar geta gert til þess að auka orðaforða barna sinna. Þeir geta meðal annars lesið fyrir börnin, rætt við þau og komið af stað umræðum um námsefnið. Besta ráðið sem hægt er að gefa foreldrum sem auka vilja orðaforða barna sinna er að lesa reglulega fyrir börnin sín.

Barnabókin var samin með það í huga að auka orðaforða barna. Lögð er áhersla á hugtök sem tengjast rými og er unnið með þau í gegnum söguna. Orðin sem voru valin eru algeng og getur mörgum fundist þau mjög auðveld. Þessi orð geta þó vafist fyrir mörgum börnum, því er gott að æfa þau og hvernig þau eru notuð í setningum.

6. Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla (2007). Aðalnámskrá grunnskóla: Íslenska. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir (2000) Mál – lestur. Í Heimir Pálsson (ritstjóri), *Lestrarbókin okkar: Greinasafn um lestur og læsi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands og Íslenska lestrarfélagið.
- Blachowicz, C. og Fisher, P. (2002). *Teaching vocabulary in all classrooms* (2. útgáfa). Upper Saddle River: Pearson.
- Byrnes, J.P. og Wasik, B.A. (2009). *Language and Literacy Development: What Educators Need to Know*. New York/London: The Guilford Press.
- Freyja Birgisdóttir og Steinunn Torfadóttir. (2007). Lesvefurinn: *Hvað er læsi?* Sótt þann 13. desember 2011 af <http://lesvefurinn.hi.is>.
- Guðmundur B. Kristmundsson (1987). Lestur og nám. Í Indriði Gíslason og Guðmundur B. Kristmundsson (ritstjórar), *Lestur – mál*. Reykjavík: Iðunn.
- Guðmundur B. Kristmundsson (2000). Kraftaverk og Kræsingastaður. Í Heimir Pálsson (ritstjóri), *Lestrarbókin okkar: Greinasafn um lestur og læsi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands og Íslenska lestrarfélagið.
- Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir (2000). *Læsi-lestrarskimun*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Halldór Laxness (1975). *Í túninu heima*. Reykjavík: Helgafell.
- Helga Sigurmundsdóttir (2007). Lesvefurinn: *Lesskilningur*. Sótt þann 1. nóvember 2011 af <http://lesvefurinn.hi.is>.
- Hoover, W.A. og Gaugh, B.P. (1990). The simple view of reading. *Reading and writing*, 2.
- Organisation for Economic Co-operation and Development (OECD) (2006). *Science competencies for tomorrow's world. Volume 1: Analysis*. Paris: OECD.

Sigurður Konráðsson (2000). Orðaforði. Í Heimir Pálsson (ritstjóri), *Lestrarbókin okkar: Greinasafn um lestur og læsi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands og Íslenska lestrarfélagið.

Vacca, J., Vacca, R., Gove, M., Burkey, L., Lenhart, L. og McKeon, C. (2006). *Reading and learning to read* (6. Útgáfa). Boston, New York: Pearson.